



Nýársávarp
forseta Íslands
Sveins Björnssonar
1. janúar 1951

Í dag er liðinn hjá fyrri helmingur 20. aldarinnar. Það gæti gefið tilefni til þess að renna augum yfir fyrri helming aldarinnar á landi voru og með þjóð vorri. Ég skal þó ekki orðlengja mikið um þau efni. Sumt er á vitorði allra, sumt rifja aðrir upp annarsstaðar.

En um það þarf engum blöðum að fletta, að með þjóð vorri hafa orðið viðburðir og framfarir á nýliðnum aldarhelmingi, meiri og mikilsverðari en á mörgum öldum þar á undan samanlögðum. Árið 1904 fluttist aðalumboðsstjórnin um svonefnd sérmál vor, sem áður hafði verið í Danmörku, til Íslands. Árið 1918 viðurkenndu Danir fullveldi Íslands í konungssambandi við Danmörku. Árið 1944 varð Ísland lýðveldi með sérstökum innlendum þjóðhöfðingja, kjörnum af þjóðinni sjálfri.

Í kjölfar allra þessara stjórnarfarsbóta fóru miklar framfarir á mörgum sviðum. Það var eins og þjóðin tæki nýjan fjörkipp við hverja þessara stjórnarfarsbóta. En aðalspretturinn er og verður, ekki um þegar farinn veg heldur verður hann að vera framundan.

Í stað þess að reyna að telja upp framfarir síðastliðinnar hálftrar aldar, framfarir á sviði atvinnuveganna, framfarir um tækni, framfarir um heilsu og hollustu þjóðarinnar og um alla aðbúð og bættar lífsvenjur, vil ég benda á þetta:

Að vísu höfum vér á þessum 50 árum stokkið, svo að segja í einu stökki, úr miðaldarmyrkri í dagsbirtu nútímans. Það hafa fáar aðrar menningarþjóðir gert, máske þó af þeirri einföldu ástæðu, að þær voru flestar um síðustu aldamót komnar miklu lengra en vér Íslendingar.

En - það er varlegra að leggja réttan mælikvarða á þetta. Að venja oss ekki á það að telja oss sjálfum trú um og reyna að fá aðra til að trúa því, að vér séum yfirleitt vitrari, gáfaðri, duglegri og framsæknari en aðrar þjóðir án þess þó að vanmeta hæfileika vora. Einnig með öðrum þjóðum hafa orðið stórkostlegar framfarir á sömu eða líkum sviðum sem með oss.

Það mun hafa verið árið 1928. Ég var viðstaddur setningu þings norræna verkfræðinga í Kaupmannahöfn. Slíkt þing hafði þá ekki verið haldið þar í 30 ár, ekki síðan árið 1898. Í setningarræðu sinni rifjaði forseti þingsins upp stuttlega þær tækniframfarir, sem orðið hefðu almenningsseign að meira eða minna leyti á undanförunum 30 árum, og bætt lífskjör fólks á ýmsan hátt. Árið 1898 var óþekkt eða lítt þekkt, á Norðurlöndum að minnsta kosti, það, sem nú skal talið og ég man

eftir: Bílar, mótórar, díeselmótórar, útvarp, flugvélar, röntgengeislar, radium. Talsímar voru mjög af skornum skammti, rafljós og baðtæki í íbúðum sjaldgæf. - Miðstöðvarhitun í húsum sama sem óþekkt. Grammófónar og kvikmyndir á byrjunarstigi. Rafmagnsnotkun til eldunar, hitunar og sem aflagjafi véla varla þekkt og rafmagn til ljósa fremur sjaldgæft. - Ég var sjálfur 17 ára þetta ár, 1898. Ef ég hittu í dag 17 ára ungling og segði honum, að svona hefði það verið í heiminum þegar ég var á hans aldri, mundi hann varla trúa mér. Og hve mikið af nýjungum, sem voru óþekktar árið 1928 hafa ekki komið fram síðan? Af slíkum nýjungum síðustu áranna nefni ég aðeins kjarnorkuna og öll undralyfin til læknisdóms.

Þessi aukna tækni og þessar nýjungar eru flestar ekki séreign einstakrar þjóðar. Það dreifist um löndin á líkan hátt og hringmyndaðar báurur, sem koma fram er steini er varpað í vatn. Bárunum fjölga eftir því, sem fjær dregur staðnum, sem steinninn féll, hringirnir ná yfir stærra og stærra svæði, en bárunar deyfast líka að sama skapi. Það er hollt að minnst þess, að þær framfarir, sem hér hafa orðið, hafa einnig orðið í öðrum löndum. - Ef ég held mér við samlíkinguna um steinninn, erum vér Íslendingar máskæ, um sumt, staddir þar, sem hringbáran en fjærst staðnum sem steinninn féll í vatnið, og minnst fer fyrir bárunni.

Er vér gerum oss þetta ljóst, skulum vér fremur einbeita huga vorum að því, að dragast ekki aftur úr öðrum, heldur fylgjast vel með og reyna að láta það ekki koma fyrir aftur, að segja megi með sannu að vér séum langt á eftir öðrum þjóðum.

Ég hygg að óhætt sé að segja, að skilyrði fyrir þessu eru til frá náttúrunnar hendi ef oss vantar ekki vilja, vit og þekkingu til þess að notfæra þau á réttan hátt.

Atvinnuvegir vorir eru nú fjölbreyttari en áður var, og margt mætti um þá þróun segja og framtíðarmöguleika ýmissa atvinnugreina. En ég hygg, að fiskveiðar og landbúnaður muni í framtíðinni eins og hingað til verða höfuðatvinnuvegir vorir og því megi ekkert láta ógert til þess að auka þessa atvinnuvegi og bæta.

Kringum Ísland og allt upp í landsteinna hafa verið, eru enn, og verða væntanlega áfram, einhver auðugustu fiskimið heimsins. Íslendingar eru duglegir og áráðnir sjósóknarar. Vér höfum nýttu skip og báta til fiskfanga, mörg góð frystihús, þar á meðal hraðfrystihúsin, þurrkhús og verksmiðjur af ýmsu tagi. Nú mætti halda, að með þeirri aðstöðu sem það veitir, að Ísland liggur svo vel við til þess að nýta þessi auðugu fiskimið við strendur landsins, og góð tæki eru fyrir hendi, ætti oss að vera vel borgið. Er það þá óhöpp eða tilviljun, að fiskútgerðin íslenska berst nú í bökkum? Er það verðbólga, dýrtíð og gengisfelling krónunnar, sem er eina orsök til þess? Ef vel er að gætt mun það koma fram, að enn er ábótavant um þekkingu, hagsýni og fleira á þessu sviði. - Eftir því, sem mér skilst, hafa vísindin þó á seinni árum verið tekin meira í notkun af sjávarútveginum en fyrr, með góðum árangri, það sem það nær ennþá.

Útgerðarmaður sagði mér einhverntíma að hann hefði góðan hagnað af útgerð sinni en nágranni hans með samskonar skip hefði tapað á sinni útgerð, þótt aflamagn skips hins síðartalda væri meira. Er ég spurði hann um það hver væri lausn þessarar gátu, sem þetta var í mínum augum, svaraði hann: „Meiri hagsýni um olúeyðslu, veiðarfærmeðferð og á fleiri sviðum.“ Eigum vér ekki eitthvað ónumið land hér?

Í vor, sem leið, komu hingað amerískir menn til þess að athuga fiskveiðar vorar, meðferð á afla á sjó og landi og gefa leiðbeiningar um umbætur. Í skýrslu sem þeir gáfu ríkisstjórninni að loknum athugunum, kemur fram nokkur gagnrýni á meðferð sjávarfangsins. Í henni er hvatt til meiri vöruvöndunar, leidd athygli að

Því að ekki séu nýttar nógu vel sumar fisktegundir, sem góður markaður sé fyrir erlendis, bent á, hvernig hagnýta megi vinnuaflið betur en gert hefir verið til þessa og meiri vélanotkun. Fylgjast mætti betur með margskonar nýjungum og notfæra sér betur þekkingu manna, sem hafa fengið sérmenntun. Ég sá einhversstaðar í blöðum, að of mikil gagnrýni væri í skýrslunni og að mennirnir hefðu ekki borið oss nógu vel söguna. Ég get ekki neitað því, að það vakti athygli mína er ég las þessa skýrslu, hve margt þó væri ábótavant um fiskveiðar vorar og meðferð sjávarfangs. Frá mínum bæjardyrum séð virtist mér aðallega áfátt um tvennt: Þekkingu og nóga vandvirkni. Ég minntist þess, að upp úr síðustu aldamótum var það einn maður sem með þekkingu sinni og kröfuhörku um vandvirkni tókst að ávinna aðalútflutningsvöru vorri þá, saltfisknum, það álit erlendis, að hann væri betri vara en saltfiskur annarra þjóða. Jafnvel þeir, sem þá voru óánægðir með kröfuhörku Þorsteins heitins Guðmundssonar yfirfiskimatsmanns um vandvirkni, urðu þó síðar að viðurkenna, að hann hefði unnið Íslandi ómetanlegt gagn með starfi sínu.

Ég óska þess að bæði þessi gagnrýni, sem ég nefndi, og önnur gagnrýni, sem á rökum er reist, megi frekar verða oss áminning og hvöt um að auka þekkingu vora og vandvirkni en orsök til óánægju.

Þá vil ég minnst nokkuð á hinn aðalatvinnuvegin, landbúnaðinn. Ég gerði hann sérstaklega að umtalsefni í síðasta áramótaávarpi mínu og skal því vera fáorðari nú en ella. Þá benti ég m.a. á það, hve frjó væri gróðurmoldin íslenska og önnur góð skilyrði fyrir því að reka landbúnað hér á landi, hve farsæll atvinnuvegur og hve mikill undirstöðuatvinnuvegur landbúnaðurinn hefði reynst með flestum þjóðum. Ég minnti á það, hve þekkingu vorri er skammt á veg komið, jafnvel um sum undirstöðuatriði búskapar. Að hér þyrfti úrbóta, með því að taka vísindin meira í notkun við landbúnaðinn en verið hefir til þessa, og um nauðsyn tilraunabúa. Reynsla með öðrum þjóðum hefir sýnt, að nú á tímum eru vísindalegar rannsóknir, sem reyndar séu á góðum tilraunabúum, eini rétti grundvöllurinn undir góðri og hagnýtri jarðrækt. - Vísindin og tilraunabúin leysa úr mörgum þeim vandamálum, sem bændur þurfa að fá leyst úr, ef ræktun og önnur jarðyrkja á að verða gerð með þeirri bestu niðurstöðu, sem völ er á. Að vísu má fræðast um margt í þessu efni af erlendum bókum og tímaritum, sem byggja á reynslu í öðrum löndum. En þótt ýmsar greinar vísindanna séu alþjóðlegar, verða þessi vísindi að vera nokkuð þjóðleg. Jarðvegur, landshættir, veðurfar og fleira er svo misjafnt í löndunum, og öðruvísi hér en víða annarsstaðar. Og þetta er einnig misjafnt innanlands eftir landshlutum í svo víðáttumiklu landi, sem Ísland er. M.a. þess vegna verða tilraunabúin og að vera mörg, víða um landið, svo að gagn komi.

Í þingræðu fyrir einni öld minntist Jón Sigurðsson á „vísindalega kennslu“ bænda. Þetta voru að vissu leyti spádómsorð þá. Því þá var ekki komið fram eins vel eins og nú hve mikilsvert það er í öllum löndum, að landbúnaðurinn byggist á vísindalegum grundvelli.

Það er mín skoðun, að með því að flytja til innan þeirra fjárhæða, sem veittar eru af opinberu fé til landbúnaðarins, mætti skapa íslenskum vísindum allgóð skilyrði til þess að verða undirstaða allrar jarðyrkju á Íslandi, og einnig koma upp á nokkrum árum hæfilegum tilraunabúum á mörgum stöðum á landinu. Ég hygg að þetta mundi á næstunni hagnýtasti stuðningurinn, sem hægt væri að veita íslenskum bændum af opinberu fé.

Einn af forystumönnum búnaðarmála á Íslandi kynnti sér síðastliðið sumar landbúnaðarmál Breta. Hann segir svo frá, að þegar breska þjóðin barðist fyrir lífi sínu og tilveru, í síðasta ófriði, uppgötvaði hún skyndilega hin vanræktu auðævi enskrar moldar. Hann bætir við: „Og það var ekki nein vanmáttug þjóðfélagsstétt, sem nú lagði hönd á plóginn, heldur heil þjóð og einhuga.“ - Í þessu mættum vér Íslendingar fara að dæmi Breta, því auðævi íslenskrar moldar eru til, en hafa verið vanrækt.

Ég get ekki stillt mig um að minnst á atriði, sem vakti eftirtekt mína í sumar, sem leið. Í smágrein í aðalbúnaðarblaði voru um ráðningarstofu landbúnaðarins las ég þessi ummæli: „Framboð af unglíngum var mjög mikið, en þar eð stór hópur reykvískra unglínga hefir takmarkaða leikni í sveitastörfum, voru bændur ekki gleypigjarnir við tilboðum af því tagi. „Ég held að hér sé einhver misskilningur eða vanmat á ferðinni. Hér á Bessastöðum hafa unnið unglíngar úr bæjum undanfarin ár. Reynslan er sú að þeir, þótt óvanir séu í fyrstu, verða furðu fljótt leiknir í sveitastörfum. Bændur munu yfirleitt telja þjóðinni hollt, að sem flestir vinni sveitastörf; „að straumurinn hverfi aftur frá bæjunum til sveitanna“, eins og það er orðað stundum. Eru ummælin „framboð af unglíngum var *mjög mikið*“ ekki einmitt gleðilegur vottur um að straumurinn sé að snúast? Er það ekki að vinna á móti þessari straumbreytingu, ef bændur almennt vilja ekki gefa bæjarunglíngum tækifæri til þess að læra sveitastörfin, með því að ráða þá til vinnu, þótt þeir hafi einhverja fyrirhöfn af því að kenna þeim fyrstu handbrögðin?

Ég tel að á sviði landbúnaðarins beri einnig að vera kröfuharður um vandvirkni. Fyrir nokkrum árum heyrði ég menntaðan sveitamann segja að landbúnaðurinn þoli ekkert „nostur“. Ég skal ekki deila um það, hvar séu mörkin milli vandvirkni og „nosturs“. - En hitt er ég sannfærður um, að vandvirkni á engu síður við um landbúnaðarstörf en hverskonar önnur störf, úti eða inni, *án undantekningar*, að minni reynslu.

Auk margra ánægjulegra framfara undanfarna hálfa öld á þeim sviðum, sem ég hefi vikið að, eru ekki sístar framfarimar á sviði heilbrigði og hollustu hér á landi. Holdsveiki og sullaveiki hefir verið nærri því útrýmt úr landinu á þessu tímabili. Miklir sigrar hafa unnist í baráttunni við berklaveikina. Ég las nú í haust í tímaritinu „Heilbrigðu lífi“ m.a. þetta: „Á um 80 árum hefir meðalaldur karla lengst um 29 ár og kvenna um 28.“ Ennfremur: „Við, sem lifum á þeim tímum, að dánartala lifandi fæddra barna hér á landi á fyrsta ári er aðeins tæplega 3 af hundraði (1949 var hún ekki nema 2,4) og dánaartalan í heild aðeins um 9 af þúsundi (1949 var hún 8), eigum heldur erfitt með að gera okkur grein fyrir því, að fyrir um það bil 100 árum var ástandið slíkt hér á landi, að af þeim börnum, sem fæddust lifandi, dó að jafnaði þriðja hvert á fyrsta ári. Sum árin annað hvert barn og jafnvel stundum tvö af hverjum þremur, sem fæddust lifandi, og á þeim tímum var manndauðinn venjulega 50 af þúsundi á ári.“ Takið vel eftir þessum tölum: 2,4 af hundraði nú í stað 33-66 af hundraði og 8 af þúsundi í stað 50 af þúsundi. Mest af þessum ánægjulega árangri hefir náðst á liðinni hálfri öld.

Eins og ég benti á í upphafi máls míns, höfum vér náð stjórnarfarslegum yfirráðum yfir öllum málum vorum úr höndum annarrar þjóðar á fyrri helming aldarinnar. Ef oss tækist að vinna það, sem máské er ennþá dýrmætara, á seinni helming aldarinnar, þá væri vel að verið. Ég á við *frelsið*.

Í nýársávarpi sínu til Bandaríkjaþings fyrir tíu árum taldi Roosevelt forseti, að farsæld þjóða heimsins í framtíðinni yrði að grundvallast á fernskonar frelsi. Það var: *málfrelsi, trúfrelsi, frelsi frá* - eða öryggi gegn - *skorti og frelsi frá* - eða

öryggi gegn - *ótta*. Með lýðfrjálsum þjóðum munu menn yfirleitt vera sammála Roosevelt forseta. Því verður ekki neitað að á liðnu ári hafa gerst atburðir í heiminum, sem ættu að opna augu manna fyrir því hvers virði það er, ef hægt væri að skapa frelsi frá eða öryggi gegn ótta. Margar þjóðir fórna nú miklu til þess að reyna að tryggja sér slíkt öryggi. - Sumum Íslendingum hefir áður fyrir verið hætt við að vanmeta það, hve mikils virði er einmitt þetta, *öryggi gegn ótta*.

En þættir frelsisins er fleiri. Ég vil nefna þrjá slíka þætti. Það er *frelsi til þess að njóta frelsisins í samfélagi borgaranna*, en skilyrði þess er að hver einstaklingur leggi nokkuð á sig af tilliti til bræðra vorra og systra, svo þau megi einnig njóta frelsis síns. Þá er það algert *skoðanafrelsi*, óþvingað af ríkisvaldinu og óeðlilegum flokksviðjum. Loks er það, sem ég finn ekki betra orð fyrir en það, sem oftast er notað í mun víðtækari merkingu, *andlegt frelsi*.

Það, sem ég á við, er frelsi andans undan oki tækni og fjárhagsgjöngu og oki þess, sem baráttan fyrir daglegu brauði oft vill leggja á andleg verðmæti. Nú á tímum er peningamælistika lögð á flest. Og flestir vilja selja vinnu sína, aðra þjónustu og framleiðslu sem dýrustu verði. Getur ekki verið hætta á því, að menn noti - eða misnoti - þessa peningamælistiku svo mjög, að þeir gleymi því, að til er önnur mælistika sem notuð er um vinnu, þjónustu og framleiðslu andans? Það gæti verið of mikil kaldhæðni ef einmitt vér, Íslendingar, gleymdum þessu. Því sennilega eigum vér tilveru vora nú sem sjálfstæðrar þjóðar meira að þakka þeim andlega arfi, sem vér höfum fengið frá forfeðrum vorum, en flestu öðru.

Breski heimspekingurinn og rithöfundurinn Bertrand Russel, sá er hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels '50, sem einu sinni var talinn einn af róttækustu sósíalistum Breta, hefir nýlega bent á það í blaðagrein, hve kristindómurinn hafi verið mikilsverður kjarni allrar nútímamennningar. Hann segir þar m.a.: „Margir heiðingjar voru gæddir göfugum hugsunarhætti og þeir áttu hugðarmál, sem vér getum dáðst að. En þá vantaði aflmögnun (dynamic force) andans.“ Hann segir enn fremur í sömu grein: „Vér getum allir eflt anda vorn, leyst ímyndunarafl vort úr læðingi og útbreitt meðal manna ástúð og góðvild. Þegar allt kemur til alls eru það þeir, sem þetta gera, sem hljóta lotningu mannkynsins. Austurlönd bera lotningu fyrir Buddha. - Vesturlönd bera lotningu fyrir Kristi. Báðir kenndu þeir að kærleikurinn væri leyndardómur allrar visku.“

Merkur danskur stjórnmalamaður komst nýlega svo að orði um kærleikann: „Og þá er *valdið* í öllum mögulegum myndum hefir verið að velli lagt, varir *hann* enn og lýsir myrkan heim.“

Það er þessi kærleikur, sem orðið getur nýtasti aflgjafinn í beittasta vopnið í baráttunni fyrir hverskonar frelsi. Andstæður kærleikans, hatur og heift, öfund og tortryggni leiða til niðurrifs. Kærleikurinn miðar ávallt að því að byggja upp.

Með þessum orðum árna ég öllum, sem heyra mál mitt, og öllum Íslendingum, hér á landi og annarsstaðar, alls góðs á árinu sem byrjar í dag.